

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1063  
komudagur 22.12.2010



2010120007  
9140

Alþingi, Til nefndarsviðs Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. desember 2010  
/--

**Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar við frumvarp til laga um stjórn vatnamála, Þskj. 344- 298. mál.**

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis þar sem Skipulagsstofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um stjórn vatnamála Þskj. 344 - 298. mál.

**Varðar 19.gr.**

Skipulagsstofnun leggur til að skýrar sé kveðið á um umhverfismatsskyldu vatnastjórnunaráætlana. Lagt er til að bætt verði við eftirfarandi málslíði á milli 1. og 2. málslíðar í 1. mgr. 19. gr. frumvarps til laga um stjórn vatnamála: "Vatnastjórnunaráætlun fellur undir lög um umhverfismat áætlana."

Í 1. mgr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er kveðið á um að allar skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem marka stefnu er varða leyfisveitingar til framkvæmda sem taldar eru upp í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og eru undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra, falli undir gildissvið laganna. Við innleiðingu tilskipunar 2001/42/EB um umhverfismat áætlana á Íslandi var valin sú leið að láta allar skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana vera háðar umhverfismati í stað þess að taka ákvörðun um umhverfismat áætlunar í hverju tilviki fyrir sig (screening) eins og tilskipunin gefur einnig kost á. Það mundi kalla á svipaða málsmeðferð og gildir um tilkynningarskyldar framkvæmdir skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Í athugasemd við 27. gr segir: "Um málsmeðferð vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdaáætlana fer að öðru leyti samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana." Í lagatexta frumvarpsins er aðeins vísað í kynningarákvæði laga um umhverfismat áætlana. Þungamiðja umhverfismats áætlana liggur ekki síður verklagi sem beita skal við mótun áætlunar en í kynningu á umhverfisskýrslu áætlunar.

**Varðar 27. gr.**

Í 3. mgr. 27. gr. frumvarpsins segir: "Frestur til að gera athugasemdir skal að lágmarki

vera sex mánuðir." Í 4. mgr. 27. gr. frumvarpsins segir: "Kynning skv. 1. mgr. skal gerð með tryggilegum hætti og á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem vísað er til þess hvar hægt er að afla viðkomandi upplýsinga á aðgengilegum stað. Kynna skal vatnastjórnunaráætlun í samræmi við lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, þegar við á."

Í 1. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 106/2007 er kveðið á um að almenningi skuli kynnt tillaga að áætlun ásamt umhverfisskýrslu hennar í 6 vikur. Í 2. mgr. 7. gr. segir: "Heimilt er að víkja frá kynningartíma skv. 1. mgr. ef kveðið er á um annan kynningartíma lögum samkvæmt."

Að mati Skipulagsstofnunar er tilvísun í kynningarákvæði laga um umhverfismat áætlana óþarft í 4. mgr. 27. gr. frumvarpsins, enda gildir 6 mánaðar athugasemdarfræstur um vatnastjórnunaráætlun. Að öðrn leyti gildir málsmeðferð laga um umhverfismat áætlana.

#### **Varðar 28. gr.**

Skipulagsstofnun leggur til að bætt verði við orðunum "*skipulagslaga og laga um mannvirkjagerð*" í 3. mgr. 28. gr. frumvarpsins, sbr. eftirfarandi: "Við afgreiðslu umsókna um leyfi vegna nýtingar vatns og annarra leyfisveitinga vegna framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, skipulagslaga og laga um mannvirkjagerð, skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnastjórnunaráætlun er varðar vatnsvernd."

Leyfi til framkvæmda ofan jarðar og neðan þurfa að vera í samræmi við skipulag og eru háð framkvæmdaleyfi og eftir atvikum byggingarleyfi sveitarstjórna innan netlaga. Skipulagsstofnun telur því tilefni til að vísa til hlutaðeigandi laga í tengslum við leyfi til framkvæmda.

  
Hafdis Hafliðadóttir